



Reykjavík, 15. janúar 2020  
SFS2019090288  
178. fundur  
HG/sv/sp/img

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

**Efni:** Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins er varðar skráningu atvika er varða öryggi

Á 171. fundi skóla- og frístundaráðs sem haldinn var 24. september 2019 lögðu skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

*Óskað er upplýsinga um hvort atvik sem varða öryggi barna í leik- og grunnskólum og á frístundaheimilum séu skráð og hvernig sé unnið með þær upplýsingar.*

**Svar:**

Í **grunnskólum** er unnið samkvæmt *Handbók um velferð og öryggi barna í grunnskólum* sem útgefin var af mennta- og menningarmálaráðuneytinu 2014 og uppfærð í mars 2018 ([https://mms.is/sites/mms.is/files/oryggishandbok\\_grunnskola.pdf](https://mms.is/sites/mms.is/files/oryggishandbok_grunnskola.pdf))

Hver skóli hefur gert áætlun um viðbrögð við slysum og bráðum veikindum nemenda og birtir í árlegri starfsáætlun skólans. Slysum sem verða á nemendum á skólatíma eru skráð á sérstök slysaskráningarblöð sem send eru til skóla- og frístundasviðs og í kjölfarið vistuð í skjalakerfi ásamt því að vera vistuð í persónumöppum nemenda í læstum hirslum í skjalasafni grunnskólans. Hljótist kostnaður af vegna slyss á nemenda er unnið samkvæmt reglum um endurgreiðslu kostnaðar vegna slysa og tjóna er börn verða fyrir í skipulögðu starfi á vegum Reykjavíkurborgar

([https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis\\_skjol/skjol\\_svida/reglur\\_um\\_endurgreidslu\\_kostn\\_adar\\_vegna\\_slysa\\_og\\_tjona.pdf](https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_svida/reglur_um_endurgreidslu_kostn_adar_vegna_slysa_og_tjona.pdf)).

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur heimsækir skóla árlega, tekur út öryggismál og kemur með ábendingar um það sem betur má fara. Skólastjórnendur hvers skóla að sjá til þess að umbætur séu gerðar. Skýrslur heilbrigðiseftirlitsins eru sendar til skrifstofu skóla- og frístundasviðs þar sem þær eru vistaðar í skjalakerfi en einnig í skjalasafni hvers skóla.

Tilkynningar til Barnaverndar Reykjavíkur eru skráðar og sendar inn til Barnaverndar og geymdar í persónumöppum nemenda í læstum skjalahirslum hvers skóla. Skrifstofa skóla- og frístundasviðs fær afrit af tilkynningunum og eru þær vistaðar í skjalakerfi með aðgangsstýringu.

Skráning atvika er varða öryggi á **frístundaheimilum** er með eftirfarandi hætti. Slysum sem verða á frístundaheimilum eru skráð á sérstök slysaskráningarblöð sem send eru til skrifstofu skóla-

og frístundasviðs og í kjölfarið vistuð í skjalakerfi ásamt því að vera vistaðar í frístundamiðstöðvunum.

Árlega kemur Heilbrigðiseftirlitið og tekur út frístundaheimilin og kemur með ábendingar um það sem betur megi fara, í kjölfarið er það í höndum frístundamiðstöðvana að sjá til þess að umbætur séu gerðar. Skýrslur heilbrigðiseftirlitsins eru sendar á skrifstofu skóla- og frístundasviðs og þær vistaðar í skjalakerfi, eins eru þær vistaðar á viðkomandi frístundaheimili. Barnaverndartilkynningar eru skráðar og sendar inn til Barnaverndar og geymdar í læstum skjalaskápum/læstum möppum á sameign deildarstjóra. Forstöðumenn frístundaheimila eru öryggisverðir á sínum vinnustað.

Starfsfólk í **leikskólum** Reykjavíkur vinnur samkvæmt Handbók um velferð og öryggi barna í leikskólum sem útgefin var af mennta- og menningarmálaráðuneytinu 2014.

([https://www.samband.is/media/skolamal/Oryggishanbok\\_leikskola\\_2014.pdf](https://www.samband.is/media/skolamal/Oryggishanbok_leikskola_2014.pdf))

Hljótist kostnaður af vegna slyss á barni er unnið samkvæmt reglum um endurgreiðslu kostnaðar vegna slysa og tjóna er börn verða fyrir í skipulögðu starfi á vegum Reykjavíkurborgar

([https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis\\_skjol/skjol\\_svida/reglur\\_um\\_endurgreislu\\_kostn\\_adar\\_vegna\\_slysa\\_og\\_tjona.pdf](https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_svida/reglur_um_endurgreislu_kostn_adar_vegna_slysa_og_tjona.pdf)).

Hver leikskóli á að gera áætlun um öryggisferla og á að kynna öllum starfsmönnum leikskólans hvernig virkir öryggisferlar eru. Slyss sem verða á börnum á vistunartíma eru skráð á sérstök slyssaskráningarblöð sem eru geymd í læstum hirslum í leikskólum.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur heimsækir leikskóla árlega, tekur út öryggismál og kemur með ábendingar um það sem betur má fara. Leikskólastjóri hvers leikskóla á að sjá til þess að umbætur séu gerðar. Skýrslur heilbrigðiseftirlitsins eru sendar á skrifstofu skóla- og frístundasviðs þar sem þær eru vistaðar í skjalakerfi en eru einnig geymdar í leikskólanum.

Tilkynningar til Barnaverndar Reykjavíkur eru skráðar og sendar inn til Barnaverndar og geymdar í læstum hirslum hvers leikskóla.